

**61. fundur afgreiðslufunda byggingarfulltrúa
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 1.
desember 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Kristján S Kristjánsson byggingarfulltrúi, Hermann G Hermannsson Slökkvilið
Ísafjarðarbæjar og Axel Rodriguez Överby sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Embættismenn:

Fundargerð ritaði: Kristján Svan Kristjánsson, byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Sunnholt 5 - Umsókn um byggingarleyfi - 2022100082

Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 59 þann 21. október
2022 og var því frestað.

Til viðbótar við áður framlögð gögn eru nú lagðir fram uppfærðir aðaluppdrættir
frá ASK arkitektum dags. 21.11.2022,

Séruppdrættir burðarþols steypu frá Verkhof ehf. dags. 08.11.2022

Skráning byggingarstjóra og iðnmeistara.

*Samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og
byggingarreglugerð nr. 112/2012. Takmarkað byggingarleyfi á verkhlutum er
tengjast jarð- og steypuvinnu er veitt.*

2. Seljalandsvegur 38 - tilkynning um framkvæmd - 2022070058

Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 56 14. júlí 2022 og
var því frestað. Fallið var frá áformum og ný umsókn lögð fram.

Í nýrri umsókn er tilkynnt um framkvæmd er snýr að stækkun glugga á austurhlið
hússins.

Jafnframt eru lagðir fram uppdrættir útlits frá Verkís dags. 12.11.2022

*Samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og
byggingarreglugerð nr. 112/2012.*

3. Fjarðarstræti 20, Ísafirði. Umsókn um stöðuleyfi - 2022110103

Lögð er fram umsókn Ágústs Gíslasonar f.h Stúdentagarða Háskólaseturs
Vestfjarða v. stöðuleyfis á 20 feta gám sem nýttur skal vegna fyrirhugaðra
byggingarframkvæmda á lóð.

Jafnframt er lagt fram lóðarblað er sýnir staðsetningu gáms.

Samþykkt.

4. Hlíðarvegur 30, Ísafirði. Umsókn um byggingu tveggja smáhýsa - 2022110104

Lögð er fram umsókn Braga Rúnars Axelssonar f.h Formáli lögmenn ehf. vegna byggingar á tveimur smáhýsum á lóð.

Jafnframt eru lagðar fram teikningar framleiðanda af húsunum,

viðbótargögn við umsókn dags. 30.11.2022,

samþykki aðliggjandi lóðarhafa fyrir framkvæmdum dags. 17.sept.2021

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Erindi er vísað til skipulags- og

mannvirkjanefndar með vísan í gr. 5.9.1 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Byggingarfulltrúi óskar eftir afstöðu nefndarinnar vegna málsins.

5. Aðalgata 18 - Umsókn um fjölgun eignarhluta - 2022110011

Lögð er fram umsókn Jóhanns Birkis Helgasonar f.h Helgu Konráðsdóttur v. fjölgunar eignarhluta í húsinu.

Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá Verkís dags. 06.09.2022 ásamt skráningartöflu,

Minnisblað vegna eignarinnar frá Verkís dags. 25.10.2022

Erindi er frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa.

6. Fjarðarstræti 20 - Umsókn um byggingarleyfi vegna stúdentagarða - 2022100059

Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 59 þann 21. október 2022. Voru byggingaráform samþykkt.

Til viðbótar við áður framlögð gögn eru nú lagðir frá séruppdrættir sökkuls og grundunar frá Verkfræðistofu Reykjavíkur dags. 21.11.2022.

Skráning byggingarstjóra.

Samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Takmarkað byggingarleyfi á verkhlutum er tengjast jarð- og steypuvinnu verður veitt er ráðningu iðnmeistara á verk lýkur.

7. Tjarnargata 8 - Fyrirspurn um byggingu grillskýlis við skautasvell - 2022110026

Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 60 þann

10.nóvember 2022 og var því vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Á fundi sömu nefndar nr. 596 var ekki lagst gegn áformum og ekki talið að þörf væri á grenndarkynningu m.v í 3.mgr 44 gr. laga nr. 123/2010.

Til kynningar voru aðaluppdrættir frá M11 arkitektum dags. 19.10.2022 ásamt þrívíddarmyndum.

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Byggingarheimild verður gefið út er skilyrði gr. 2.3.8 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

Kristján S Kristjánsson

Hermann G Hermannsson

Axel Rodriguez Överby